



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands  
Gerðarsafni  
14. mars 2009**

Ágætu sýningargestir.

Sum tímabil í sögu þjóðar eru skeið hins skrifaða texta; önnur á þann veg að þau verða vart skilin til hlítar án myndrænnar túlkunar; augnablikið segir meira en langar greinar.

Við höfum að undanfögnu lifað slíkt skeið. Liðið ár var einstakt að öllu leyti. Aldrei fyrr hafa andstæður gleði og vonbrigða, óvissu og öryggis, fagnaðar og mótmæla, stuðnings og baráttu verið jafn skýrar; viðfangsefni ljósmyndara jafn ögrandi á allan hátt; stundirnar óteljandi þar sem myndasmiðurinn var sá túlkandi sem mestu skipti.

Þjóðin var sameinuð í hvatningu og sigurvímu þegar handboltastrákarnir lögðu hvert landsliðið á fætur öðru í fjarlægri álflu; tugþúsundir í gleðivímu á Arnarhóli; heimkoman þjóðhátíð í fremstu röð. Fáeinum vikum síðar áfallið mikla, bankahrunið, óvissa og örvænting á heimilum og vinnustöðum; mótmælin á Austurvelli. Í kjölfar áramóta átök lögreglu og almennings; atburðir af því tagi sem flestir þekktu aðeins af sögubókum.

Lýðræði er ekki bundið við formið eitt, reglur um kjör til trúnaðarstarfa. Lýðræði snýst fyrst og fremst um fólkið sjálft, vald þess og vilja, umboðið sem sprettur úr samræðum og sannfæringu hvers og eins, stundum einnig úr óvæntum athöfnum, jafnvel uppreisn.

Hvernig á að lýsa slíkum veruleika, gera augnablikið sem myndin geymir að málstað heillar þjóðar, þáttaskilum í langri sögu? Hvernig og hvert á að beina vélinni á slíkum stundum, velja viðfangsefni sem fanga kjarnann í deiglu tímans?

Mér er til efs að íslenskir ljósmyndarar hafi nokkru sinni fengið í hendur ár sem kemst í hálfkvisti við það sem kvaddi á gamlársdag, ár sem svo ríkulega ögraði hæfni, kunnáttu, skilningi, næmi, kjarki og vilja ykkar sem sýnið uppskeruna hér í dag; ekkert ár nema ef vera skyldi það sem nýlega er hafið og hefur þegar á fyrsta fjórðungi orðið sögulegra en flest önnur í heild.

Ljósmyndarinn hefur aldrei fyrr verið jafn áhrifaríkur á lýðræðisvelli íslenskrar þjóðar, jafn mikilvægur sögumaður í anda þeirra sem fyrr á öldum sátu við annálaskrif – og abyrgðin því aldrei jafn skýr.

Myndir ykkar eru ekki aðeins frásögn, þær eru líka mikilvægur áhrifavaldur í samtímanum, geta ráðið úrslitum um ákvarðanir. Þótt myndasmiðurinn kunni að sjá sjálfan sig sem hlutlausan áhorfanda getur verkið skipt sköpum um afstöðu fólksins, jafnvel stefnu heillar þjóðar. Myndirnar af lögreglunni með hjálma og skildi víggirða Alþingishúsið munu lifa með íslenskri þjóð um ókomna tíð; heimild um samfélagsólgu; víti til varnaðar fyrir kynslóðirnar sem koma og fara.

Hafa mætti mörg orð um þennan tíma en án mynda ykkar yrði skilningur okkar til muna fátæklegri. Því vil ég við þessa opnun þakka ljósmyndurum fyrir mikilvægt framlag á liðnu ári, framlag sem vegur þungt í framvindu lýðræðis og þjóðfélags.

Einnig óska ég mínum gamla samstarfsmanni Jim Smart til hamingju með heiðurinn sem honum hlotnast hér í dag. Hann hefur sameinað á einstæðan hátt að flytja fréttir í myndum og skapa listaverk, portrett sem með ljósi og skuggum sýna í senn sálina og persónuleikann.

Hér er í dag boðið til uppskeruhátíðar sem helguð er ári sem Íslendingar munu aldrei gleyma, ári sem fjallað verður um svo lengi sem þjóðin segir sína sögu. Því fögnum við sérstaklega þessari sýningu sem hér með er formlega opnuð.